

Reglur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. um viðskipti innherja og meðferð innherjaupplýsinga

Útgáfa nr. 2, samþykkt af stjórn félagsins 18. desember 2013.

1. Inngangur.

- 1.1. Reglur þessar gilda um innherjaupplýsingar í félaginu og meðferð þeirra, svo og innherja á hverjum tíma, eins og þeir eru skilgreindir samkvæmt reglum þessum og lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 (vvl.). Þær gilda einnig um aðila sem eru fjárhagslega tengdir innherjum.
- 1.2. Reglurnar gilda um verðbréf sem útgefin eru af Tryggingamiðstöðinni hf. (hér eftir nefnd „TM“ eða „félagið“) og tekin hafa verið til viðskipta á markaði (Kauphöll).
- 1.3. Stjórn félagsins ber ábyrgð á eftirliti með því að reglum þessum sé framfylgt.

2. Tilgangur.

- 2.1. Tilgangur reglna þessara er að hindra að innherjaupplýsingar berist til annarra en þeirra sem þarfnast þeirra vegna starfa sinna. Reglum þessum er ætlað að stuðla að því að viðskipti fruminnherja séu í samræmi við lög um verðbréfavíðskipti og að slík viðskipti séu trúverðug. Jafnframt er tilgangur reglnanna að stuðla að því að félagið uppfylli kröfur um viðvarandi upplýsingaskyldu gagnvart Fjármálaeftirlitinu og Kauphöll.
- 2.2. Við opinbera birtingu innherjaupplýsinga skal miðað að því að tryggja jafnræði fjárfesta þannig að þeir hafi jafnan aðgang að nýjustu upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að geta myndað sér upplýsta skoðun á þeim verðbréfum sem gefin eru út af TM.

3. Skilgreiningar.

- 3.1. Með innherja er átt við:
 - a. fruminnherja, þ.e. aðila sem hefur að jafnaði aðgang að innherjaupplýsingum vegna aðildar að stjórn, rekstri, eftirliti eða vegna annarra starfa á vegum TM,
 - b. tímabundinn innherja, þ.e. aðila sem telst ekki fruminnherji en býr yfir innherjaupplýsingum vegna eignaraðildar, starfs síns, stöðu eða skyldna og
 - c. annan innherja, þ.e. aðila sem hvorki telst fruminnherji né tímabundinn innherji en hefur fengið í hendur innherjaupplýsingar, enda hafi viðkomandi vitað eða mátt vita hvers eðlis upplýsingarnar voru.
- 3.1.1. Þegar hugtakið innherji er notað í reglum þessum án afmörkunar er átt við fruminnherja, tímabundna innherja og aðra innherja eftir því sem við getur átt.

- 3.2. Samkvæmt reglum þessum skulu eftirtaldir teljast aðilar fjárhagslega tengdir innherjum:
- a. maki og sambúðarmaki.
 - b. ófjárráða börn, kjörbörn og stjúp börn á heimili innherja.
 - c. önnur skyldmenni sem búa á heimili með innherja og hafa búið á heimili með innherja í a.m.k. eitt ár þegar viðskipti eiga sér stað.
 - d. lögaðili:
 - i. sem lýtur framkvæmdastjórn innherja eða aðila sem talinn er upp í lið a, b eða c hér að framan,
 - ii. sem er stjórnað með beinum eða óbeinum hætti af innherja eða aðila sem er talinn upp í lið a, b eða c hér að framan,
 - iii. annar en í lið i og ii ef fjárhagslegir hagsmunir hans eru samtvinnaðir hagsmunum innherja eða aðila sem talinn er upp í lið a, b eða c hér að framan.
- 3.3. Með **innherjaupplýsingum** er átt við nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og varða beint eða óbeint TM, verðbréfin sjálf eða önnur atriði og eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð verðbréfanna ef opinberar væru.
- 3.3.1. Litið skal svo á að upplýsingar séu nægjanlega tilgreindar ef þær gefa til kynna aðstæður sem eru fyrir hendi eða sem ætla má að verði fyrir hendi eða atburð sem hefur átt sér stað eða sem ætla má að muni eiga sér stað. Upplýsingarnar verða þó að vera nægilega nákvæmar til að unnt sé að draga ályktun um möguleg áhrif þeirra aðstæðna eða atburðar á verðmæti verðbréfanna. Innherjaupplýsingar sem væru líklegar til að hafa marktæk áhrif á verðmæti verðbréfa, yrðu þær gerðar opinberar, eru þær upplýsingar sem líkur eru á að upplýstur fjárfestir noti sem hluta af þeim grunni sem hann byggir fjárfestingarákvarðanir sínar á.
- 3.4. Hugtakið **markaður** er notað í reglum þessum um skipulegan verðbréfamarkað og markaðstorg fjármálagerninga (MTF) samkvæmt lögum nr. 110/2007 um kauphallir.
- 3.5. Með **Kauphöll** er átt við NASDAQ OMX Iceland hf.
- 3.6. Með **verðbréfum** í reglum þessum er átt við hlutabréf í TM eða skuldabréf útgefin af félaginu og hafa verið tekin til viðskipta á markaði.
- 3.7. Með **stjórnendum** í reglum þessum er átt við stjórn TM, forstjóra, framkvæmdastjóra, forstöðumann lögfræðipjónustu og regluvörð.
- 3.8. Með hugtakinu **regluvörður** í reglum þessum er átt við regluvörð og staðgengil regluvarðar jöfnum höndum eftir því sem við á.

4. Innherjar og innherjalistar.

- 4.1. Við töku verðbréfa útgefnum af TM til viðskipta á markaði skal regluvörður senda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um fruminnherja og aðila þeim fjárhagslega tengdum. Allar breytingar ber að senda Fjármálaeftirlitinu þegar í stað er breytingar verða. Verði engar breytingar á listum ber engu að síður að senda Fjármálaeftirlitinu endurskoðaða innherjalista á sex mánaða fresti. Regluvörður skal einnig senda upplýsingar um fruminnherja og breytingar á þeim til Kauphallar.
- 4.2. Eftirtaldir aðilar skulu vera á lista yfir fruminnherja: Stjórn TM, forstjóri, framkvæmdastjórn, regluvörður, forstöðumaður innra eftirlits, forstöðumaður lögfræðipjónustu, forstöðumaður hagdeildar, forstöðumaður reikningshalds, þeir sem skipa endurskoðunarnefnd félagsins, innri endurskoðendur og ytri endurskoðendur. Ennfremur skulu þeir starfsmenn vera á lista yfir fruminnherja sem samkvæmt nánari viðmiðum settum af stjórn félagsins hafa vegna stöðu sinnar, starfs eða af öðrum ástæðum að jafnaði aðgang að innherjaupplýsingum hjá félaginu. Auk viðeigandi laga og regna skal regluvörður styðjast við þessi viðmið við mat á því hvaða einstaklinga, aðra en þá sem áður eru taldir, skal setja á lista yfir fruminnherja.
- 4.3. Regluvörður skal senda Fjármálaeftirlitinu lista yfir tímabundna innherja þegar innherjaupplýsingar eru fyrir hendi og aðilar, sem ekki eru á fruminnherjalista, hafa fengið aðgang að upplýsingunum. Ef innherjaupplýsingar eru fyrir hendi um fleiri en einn atburð eða kringumstæður er varða félagið ber að senda einn lista yfir tímabundna innherja fyrir hvern atburð og/eða kringumstæður.
- 4.4. Regluvörður skal senda innherjalista í gegnum skýrsluskilakerfi Fjármálaeftirlitsins eða með öðrum hætti sem Fjármálaeftirlitið viðurkennir. Regluvörður skal geyma alla innherjalista sem sendir hafa verið Fjármálaeftirlitinu í sjö ár frá dagsetningu þeirra.
- 4.5. Regluvörður skal senda þeim, er hann setur á lista yfir fruminnherja og tímabundna innherja, tilkynningu um réttarstöðu innherja. Tilkynningin skal send skriflega eða með rafrænum hætti. Í tilkynningu um réttarstöðu innherja ber að greina innherja frá þeim réttarreglum sem gilda um innherja og meðferð innherjaupplýsinga. Jafnframt skal regluvörður tilkynna innherja skriflega eða með rafrænum hætti þegar hann hefur verið tekinn af lista yfir fruminnherja eða tímabundna innherja.
- 4.6. Tilkynningu um réttarstöðu innherja skal fylgja eintak af reglum þessum eða upplýsingar um hvar þær er að finna. Kynna skal gildandi lagareglur um innherjasvik. Þá skal kynna fruminnherjum þær reglur sem þeir og aðilar þeim tengdir þurfa að gæta að er þeir eiga viðskipti með verðbréf útgefin af TM. Tímabundnum innherjum skal bent á að þeim er með öllu óheimilt að eiga viðskipti á meðan þeir búa yfir innherjaupplýsingum.

- 4.7. Með tilkynningu um réttarstöðu innherja skal regluvörður senda innherja eyðublað um fjárhagslega tengda aðila til útfyllingar. Einnig skal senda innherja til undirskriftar yfirlýsingu um að hann hafi kynnt sér tilkynningu um réttarstöðu innherja. Hvort tveggja ber innherja að senda regluverði félagsins án tafar. Regluvörður skal varðveita undirritaða yfirlýsingu á meðan innherjalisti er virkur og í a.m.k. eitt ár eftir að innherjalisti hefur verið afturkallaður.
- 4.8. Í apríl- og októbermánuði ár hvert skal regluvörður afla upplýsinga hjá fruminnherjum um breytingar sem kunna að hafa orðið á aðilum fjárhagslega tengdum þeim. Skal fruminnherji veita upplýsingar um breytingarnar eða staðfesta að engar breytingar hafi orðið innan þess frests sem regluvörður veitir.
- 4.9. Þegar ekki liggja lengur fyrir innherjaupplýsingar skal Fjármálaeftirlitinu tilkynnt um það og listi yfir tímabundna innherja afturkallaður.

5. Mat á upplýsingum og opinber birting innherjaupplýsinga.

- 5.1. Stjórn félagsins, forstjóri, framkvæmdastjórn og aðrir starfsmenn skulu gera regluverði svo fljótt sem verða má grein fyrir upplýsingum sem geta talist til innherjaupplýsinga. Regluvörður skal þá veita álit á því hvort í upplýsingunum séu fólgnar innherjaupplýsingar.
- 5.2. Skýrt verklag og viðmið skulu vera fyrir hendi til nánari leiðbeiningar við mat á upplýsingum og meðferð upplýsinga sem teljast til innherjaupplýsinga. Verklagsreglur, eins og hér um ræðir, skulu samþykktar af stjórn félagsins.
- 5.3. TM skal með atbeina Kauphallar birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu allar þær innherjaupplýsingar sem varða félagið svo fljótt sem auðið er og á jafnræðisgrundvelli. Samhliða framangreindri birtingu skal senda upplýsingarnar til Fjármálaeftirlitsins.
- 5.4. Þegar innherjaupplýsingunum hefur verið miðlað með opinberum hætti skulu þær jafnframt birtar á heimasíðu félagsins, www.tm.is.
- 5.5. TM skal gera skýran greinarmun á markaðssetningu á starfsemi sinni og opinberri birtingu innherjaupplýsinga til að koma í veg fyrir misvísandi upplýsingagjöf.
- 5.6. Heimilt er að fresta upplýsingagjöf samkvæmt grein þessari þegar slíkt telst nauðsynlegt til verndar lögmætum hagsmunum TM, sem m.a. geta varðað yfirstandandi samningaviðræður eða sambærilegar aðstæður þar sem birting upplýsinga gæti haft áhrif á niðurstöðu eða eðlilegan gang viðræðnanna. Þessi heimild á við ef birtingin er talin kunna að tefla hagsmunum hluthafa og hugsanlegra hluthafa í tvísýnu með því að draga úr líkum þess að unnt sé að leiða til lykta tiltekna samningaviðræður sem eiga að tryggja fjárhagslega endurskipulagningu félagsins.
- 5.7. Þá er og heimilt að fresta upplýsingagjöf ef um er að ræða ákvarðanir sem starfsmenn félagsins taka eða samninga sem þeir gera og krefjast, samkvæmt

skipulagi félagsins, samþykki tiltekinna stjórnenda hjá félaginu til að öðlast gildi. Frestunin er háð því skilyrði að birting upplýsinganna áður en slíkt samþykki er veitt, samtímis því að tilkynnt er að samþykkis sé enn beðið, kunni að tefla því í tvísýnu að almenningur geti lagt nákvæmt mat á upplýsingarnar.

- 5.8. Þegar heimild til frestunar upplýsingagjafar er nýtt skal félagið takmarka aðgang að innherjaupplýsingum þannig að þegar þriðja aðila eru láttnar þær í té sé það eingöngu gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir og að móttakandi upplýsinganna sé bundinn trúnaði við þær. Ennfremur skal tryggja:
- a. að gerðar séu ráðstafanir til að tryggja að ekki sé veittur aðgangur að upplýsingunum nema um sé að ræða starfsmenn sem þurfa á þeim að halda til að geta sinnt starfi sínu hjá TM,
 - b. að félagið geri ráðstafanir til að tryggja að aðilar, sem hafa aðgang að slíkum upplýsingum, séu upplýstir um þær laga- og eftirlitsskyldur sem þeir hafa og þau viðurlög sem liggja við misnotkun eða miðlun slíkra upplýsinga og
 - c. að gerðar séu ráðstafanir sem veita möguleika á tafarlausri birtingu upplýsinganna í tilvikum þar sem félaginu er ekki unnt að tryggja trúnað um viðkomandi innherjaupplýsingar.
- 5.9. Upplýsingagjöf verður frestað samkvæmt grein þessari einungis að höfðu samráði við regluvörð. Regluvörður skal gera grein fyrir frestuninni ásamt rökstuðningi í samskiptaskrá. Fjármálaeftirlitinu skal jafnframt tilkynnt um frestunina jafnóðum og hún er nýtt.
- 5.10. Félagið skal birta innherjaupplýsingar á heimasíðu sinni að lágmarki í þrjú ár og fjárhagsupplýsingar í a.m.k. fimm ár frá birtingu þeirra.

6. Meðferð innherjaupplýsinga.

- 6.1. Regluvörður skal hafa yfirsýn yfir það hvaða aðilar búa yfir innherjaupplýsingum á hverjum tíma. Aðili sem hefur umsjón með verkefni sem felur í sér innherjaupplýsingar ber ábyrgð á varfærinni meðferð þeirra. Öllum innherjum er skylt að búa svo um að innherjaupplýsingar, sem þeir hafa undir höndum, berist ekki til óviðkomandi. Með óviðkomandi er átt við alla þá sem ekki þurfa nauðsynlega á upplýsingum að halda starfa eða stöðu sinnar vegna.
- 6.2. Við meðferð gagna sem hafa að geyma innherjaupplýsingar, hvort sem gögnin eru vistuð með skriflegum, rafrænum eða öðrum hætti, skal þess gætt að óviðkomandi geti ekki kynnt sér efni þeirra eða áttað sig á um hvers konar upplýsingar er að ræða. Þeir sem hafa innherjaupplýsingar undir höndum skulu m.a. nota læsta skápa fyrir áþreifanleg gögn, nota lykilorð á tölvuskjái og gera aðrar ráðstafanir sem draga úr líkum á að innherjaupplýsingar berist óviðkomandi. Fjölföldun gagna, sem innihalda innherjaupplýsingar, skal haldið í lágmarki og afrit skulu geymd með sömu varfærni og frumrit.

- 6.3. Innherjaupplýsingum skal haldið innan eins þröngs hóps og mögulegt er. Hvers konar miðlun innherjaupplýsinga, hvort heldur sem er innan félagsins eða utan þess, skal háð samþykki næsta yfirmanns viðkomandi starfsmanns. Þegar því verður við komið skal regluvörður hafa umsjón með dreifingu innherjaupplýsinga. Að öðrum kosti skal regluverði gert viðvart samhliða því er innherjaupplýsingum er dreift til þess að unnt sé að uppfæra innherjalista, senda þá til Fjármálaeftirlitsins og senda tímabundnum innherjum tilkynningu um réttarstöðu sína. Hver sem sendir öðrum innherjaupplýsingar skal ganga úr skugga um að upplýsingarnar berist einungis réttum móttakanda. Aðeins er heimilt að miðla innherjaupplýsingum ef það er nauðsynlegt vegna starfs, stöðu eða skyldna.
- 6.4. Innherja, sem miðlar innherjaupplýsingum vegna starfs síns, stöðu eða skyldna, skal tilkynna það regluverði og gera honum grein fyrir viðtakanda, sem verður innherji við móttöku upplýsinganna. Jafnframt skal hann gera viðtakanda grein fyrir að um innherjaupplýsingar sé að ræða og að misnotkun þeirra sé refsiverð samkvæmt lögum. Á sama hátt skal innherji, sem miðlar innherjaupplýsingum, tilkynna regluverði þegar viðtakandi býr ekki lengur yfir innherjaupplýsingum og telst ekki lengur til innherja. Hér er átt við alla þá er meðhöndla innherjaupplýsingar fyrir félagið, svo sem aðra starfsmenn en fruminnherja, ráðgjafa, prófarkalesara, prentara, starfsmenn auglýsingastofa, kynningaradila og aðra sem meðhöndla innherjaupplýsingar fyrir félagið.
- 6.5. Leiki grunur á að innherjaupplýsingar hafi borist út fyrir félagið skal þegar í stað tilkynna forstjóra og regluverði slíkar grunsemdir.

7. Markaðssvik – óheimil viðskipti.

- 7.1. Innherja er óheimilt að:
- afla eða ráðstafa verðbréfum, með beinum eða óbeinum hætti, fyrir eigin reikning eða annarra, búi hann yfir innherjaupplýsingum eða ef regluvörður hefur synjað um heimild til viðskiptanna,
 - láta þriðja aðila í té innherjaupplýsingar nema það sé gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem veitir upplýsingarnar eða
 - ráðleggja þriðja aðila á grundvelli innherjaupplýsinga að afla verðbréfa eða ráðstafa þeim eða hvetja að öðru leyti til viðskipta með bréfin.
- 7.2. Ákvæði 1. mgr. nær einnig til:
- lögaðila og aðila sem taka þátt í ákvörðun um viðskipti með verðbréf fyrir reikning lögaðilans og
 - aðila sem býr yfir innherjaupplýsingum á grundvelli ólögðs atferlis.
- 7.3. Vakni grunur hjá starfsmanni félagsins um að viðskipti hafi farið fram sem stríða gegn bannreglum 1. og 2. mgr. skal hann þegar í stað tilkynna það til regluvarðar eða næsta yfirmanns sem skal þá tilkynna það regluverði. Slíkan grun ber að

tilkynna Fjármálaeftirlitinu þegar í stað en viðkomandi starfsmanni er það einnig heimilt. Upplýsingagjöf sem veitt er í góðri trú samkvæmt þessari málsgrein telst ekki brot á þagnarskyldu sem viðkomandi er bundinn af samkvæmt lögum eða með öðrum hætti. Slík upplýsingagjöf leggur hvorki refsí- né skaðabótaábyrgð á herðar hlutaðeigandi aðilum. Óheimilt er að upplýsa viðskiptavinum eða aðra utanaðkomandi aðila um að Fjármálaeftirlitinu hafi verið veittar upplýsingar skv. ákvæði þessu.

8. Viðskipti innherja.

- 8.1. Ábyrgð á því að tilkynna regluverði um hvort aðili er innherji eða ekki hvílir á viðkomandi starfsmanni og yfirmanni hans og eftir atvikum þeim starfsmanni er latur utanaðkomandi aðila í té innherjaupplýsingar.
- 8.2. Fruminnherja ber að tilkynna regluverði um alla aðila sem eru fjárhagslega tengdir honum.
- 8.3. Á fruminnherjum hvílir rannsóknarskylda, þ.e. skylda til að ganga úr skugga um að ekki liggja fyrir innherjaupplýsingar áður en þeir eiga viðskipti með verðbréf útgefin af TM. Sama gildir um fyrirhuguð viðskipti aðila sem eru fjárhagslega tengdir fruminnherjum.
- 8.4. Á fruminnherjum hvílir tvíþætt tilkynningarskylda til regluvarðar:
 - a. annars vegar áður en hann eða aðili fjárhagslega tengdur honum á viðskipti með verðbréf útgefin af félaginu og
 - b. hins vegar skal fruminnherji tilkynna regluverði án tafar þegar viðskipti eru afstaðin.
- 8.5. Fruminnherji skal sinna rannsóknarskyldu sinni með því að ráðfæra sig við regluverð um fyrirhuguð viðskipti sín eða fjárhagslega tengdra aðila. Með því að ráðfæra sig við regluverð áður en viðskipti fara fram sinnir fruminnherji einnig fyrri hluta tilkynningarskyldu sinnar skv. staflið a í 4. mgr. Þegar fruminnherji sinnir tilkynningarskyldu sinni vegna fyrirhugaðra viðskipta skal regluverður ráðleggja honum um fyrirhuguð viðskipti og aðstoða hann á þann hátt við að fullnægja rannsóknarskyldu sinni. Rannsóknarskylda skal sinnt þann dag sem viðskipti eru fyrirhuguð. Eigi viðskipti sér ekki stað þann dag skal innherji leita til regluvarðar á nýjan leik óski hann eftir að eiga viðskiptin síðar.
- 8.6. Fruminnherji skal geta sýnt fram á með skriflegum hætti að hann hafi sinnt rannsóknarskyldu sinni áður en hann átti viðskipti með verðbréf.
- 8.7. Eftir að viðskipti hafa átt sér stað skal fruminnherji tilkynna regluverði án tafar, sbr. staflið b í 4. mgr., að hann eða aðili fjárhagslega tengdur honum hafi átt viðskipti með verðbréf í félaginu á því formi sem regluverður gerir kröfu um hverju sinni. Í tilkynningunni skal regluverður upplýstur um þau atriði sem

nauðsynleg eru til að senda tilkynningu um viðskipti innherja og stjórnenda, sbr. 2. mgr. 9. gr.

- 8.8. Tímabundnum innherjum er óheimilt að eiga viðskipti með verðbréf útgefin af félaginu þar til regluvörður hefur tilkynnt viðkomandi að hann teljist ekki lengur til innherja.

9. Tilkynningar um viðskipti innherja.

- 9.1. Regluvörður skal samdægurs senda tilkynningu um viðskipti innherja og fjárhagslega tengdra aðila til Fjármálaeftirlitsins. Ef viðkomandi innherji er jafnframt stjórnandi og markaðsverð viðskipta með hluti í félaginu eða fjármálagerninga tengdum þeim nemur a.m.k. 500.000 kr. eða samanlögð eignabreyting viðkomandi stjórnanda á hlutum í félaginu á næstliðnum fjórum vikum nemur a.m.k. 1.000.000 kr. ber regluverði einnig að senda þegar í stað tilkynningu um viðskipti hans eða aðila honum fjárhagslega tengdum til Kauphallar.

- 9.2. Í tilkynningum skv. 1. mgr. um viðskipti innherja skal tilgreina eftirtalin atriði:
- nafn félagsins,
 - dagsetningu tilkynningar,
 - nafn fruminnherja, eða fjárhagslega tengds aðila ef við á,
 - tengsl fruminnherja við félagið,
 - dagsetningu viðskipta og hvenær dagsins þau fóru fram,
 - tegund verðbréfs,
 - hvort um var að ræða kaup eða sölu,
 - nafnverð og gengi í viðskiptum,
 - nafnverð hlutar fruminnherja annars vegar og fjárhagslega tengdra aðila hins vegar eftir viðskipti,
 - dagsetningu lokauppgjörs viðskiptanna, ef við á, og
 - frekari upplýsingar, ef við á.

10. Staða og hlutverk regluvarðar.

- 10.1. Regluvörður er ráðinn af forstjóra og skal skipun hans staðfest af stjórn félagsins. Með sama hætti skal ráða staðgengil regluvarðar. Regluvörður skal í störfum sínum vera sjálfstæður og ekki undir boðvald annarra settur. Innri endurskoðandi skal hafa eftirlit með störfum regluvarðar.
- 10.2. Regluvörður skal hafa aðgang að þeim gögnum og upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að hann geti sinnt störfum sínum á tilhlýðilegan hátt.
- 10.3. Regluvörður hefur umsjón með að reglum þessum sé framfylgt innan félagsins.

- 10.4. Þegar innherji leitar til regluvarðar áður en viðskipti fara fram til að uppfylla rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 8. gr., skal regluvörður ganga úr skugga um að ekki séu fyrirbyggjandi innherjaupplýsingar innan félagsins áður en ráðlegging er veitt. Séu innherjaupplýsingar til staðar skal regluvörður mæla gegn því að innherji eigi viðskipti og benda innherja jafnframt á að eigi hann viðskipti engu að síður sé regluverði skylt að tilkynna um slík viðskipti til Fjármálaeftirlitsins og að í slíkum viðskiptum geti falist lögbrot.
- 10.5. Þegar regluvörður sjálfur eða aðilar honum fjárhagslega tengdir hyggjast eiga viðskipti með verðbréf útgefin af félaginu skal hann leita til forstjóra til að sinna tilkynningar- og rannsóknarskyldu sinni. Hið sama á við um aðra starfsmenn regluvörslu.
- 10.6. Félagið telst sjálft til fruminnherja og skal því fylgja sömu formreglum og eiga við um fruminnherja áður en viðskipti þess með eigin verðbréf eiga sér stað.
- 10.7. Regluvörður skal halda sérstaka skrá, svokallaða samskiptaskrá, yfir samskipti sín við innherja sem fram fara á grundvelli reglnanna. Samskiptaskrá skal færð í tímaröð í bók með númeruðum blaðsíðum eða með skipulegum hætti á rafrænu formi ef unnt er að tryggja að breytingar verði ekki gerðar á skránni án ummerkja um breytingar og fyrri færslur.
- 10.8. Þegar innherji sinnir rannsóknarskyldu og fyrri hluta tilkynningarskyldu, sbr. staflið a í 4. mgr. 8. gr., þ.e. tilkynnir um fyrirhuguð viðskipti, skulu færslur í samskiptaskrá hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:
 - a. nafn innherja og aðila honum fjárhagslega tengdum ef við á,
 - b. hvenær (dagsetning og tímasetning) innherji óskar eftir ráðleggingu regluvarðar vegna viðskipta með verðbréf útgefin af félaginu,
 - c. hvort regluvörður telur innherjaupplýsingar vera fyrir hendi innan félagsins og hvort ráðlegging regluvarðar um viðskiptin er jákvæð eða neikvæð.
- 10.9. Færslur regluvarðar í samskiptaskrá vegna þessa skulu hafa að geyma þessar upplýsingar eða afrit af tilkynningu til eftirlitsaðila og markaðar.
- 10.10. Regluvörður skal hafa eftirlit með að reglum þessum sé fylgt. Leiki grunur á að reglurnar hafi verið brotnar skal regluvörður þegar í stað tilkynna Fjármálaeftirlitinu um slíkar grunsemdir.
- 10.11. Greini forstjóra og regluvörð á um álit eða mat sem regluvörður hefur veitt samkvæmt reglum þessum skal regluvörður gera um það skýrslu til stjórnar. Leysi stjórn úr ágreiningi öndvert við álit eða mat regluvarðar skal regluvörður tilkynna Fjármálaeftirlitinu um atvikið, ef grunur er um að í atvikinu felist alvarlegt brot gegn reglum þessum, lögum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.
- 10.12. Regluvörður skal sjá um kynningu á þessum reglum meðal innherja og sjá til þess að reglurnar séu almennt á vitorði starfsmanna félagsins og annarra sem reglurnar varða. Hann skal sjá til þess að reglur um meðferð innherjaupplýsinga séu jafnan aðgengilegar fyrir þá sem undir þær heyra.

10.13. Regluvörður skal reglulega gefa stjórn félagsins og innri endurskoðanda yfirlit yfir störf sín, að lágmarki einu sinni á ári. Í slíku yfirliti skal m.a. koma fram hvort haldin hafi verið kynning á reglum meðal starfsmanna, hversu margar tilkynningar hafi komið til regluvarðar um viðskipti, hvort einhver viðskipti hafi átt sér stað án þess að rannsóknar- og tilkynningarskyldu hafi verið sinnt og hve mörgum beiðnum um viðskipti var hafnað.

11. Endurskoðun reglnanna og viðurlög.

11.1. Reglur þessar skulu endurskoðaðar er breytingar verða á lögum, reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.

11.2. Brot gegn reglum þessum kunna að varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga um verðbréfiðskipti.

12. Gildistaka.

12.1. Reglur þessar eru settar af stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf. 18. desember 2013 og gilda um verðbréf útgefin af félaginu. Reglurnar koma þegar til framkvæmda, en um leið falla úr gildi reglur félagsins um sama efni frá 25. febrúar 2013.

12.2. Ákvæði laga og annarra stjórnvaldsfyrirmæla skulu gilda gangi þau lengra en ákvæði reglna þessara.

Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

Eindís
Ólafur
Ólafur Kransum
Bjarki McBoxtar
Kristinn Frið